



Borgarnesi 28.02 2020

Til sveitarfélaga á Vesturlandi

### Efni; Aðalfundarboð

Hér með er boðað til aðalfundar Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi. Fundurinn fer fram á Hótel Hamri, Borgarnesi miðvikudaginn 1 apríl 2020. Sama dag verða einnig aðalfundir Starfsendurhæfingar Vesturlands, Símenntunarmiðstöðvar Vesturlands, Heilbrigðisnefndar Vesturlands og Sorpurðunar Vesturlands. Fulltrúar á aðalfundi SSV hafa jafnframt seturétt á öðrum aðalfundum sem fram fara þann dag, en rétt er að geta þess að sveitarfélögin þurfa að tilkynna hver fer með atkvæðisrétt fyrir þeirra hönd á þeim fundum.

Dagskrá miðvikudaginn 1 apríl verður sem hér segir:

- Kl.09.30 Aðalfundur Starfsendurhæfingar Vesturlands
- Kl.10.15 Aðalfundur Símenntunarmiðstöðvar Vesturlands
- Kl.11.15 Aðalfundur Heilbrigðisnefndar Vesturlands
- Kl.12.15 Hádegisverður
- Kl.13.00 Aðalfundur Sorpurðunar Vesturlands
- Kl.14.00 Kynning á rekstri Vesturlandsstofu.
- Kl.14.30 Aðalfundur Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi  
Hér undir verður lagður fram ársreikningur þjónustusvæðis Vesturlands um málefni fatlaðra.

Eftirtaldir dagskrárliðir verða teknir fyrir á aðalfundi SSV samkvæmt lögum SSV;


- Skýrsla stjórnar, félaga og rekstrareininga, sem SSV ber ábyrgð á um starfsemi liðins árs.
- Ársreikningar SSV og þeirra félaga sem SSV ber fjárhagslega ábyrgð á, ásamt skýrslu endurskoðanda
- Kosning stjórnar og varastjórnar
- Ákvörðun um laun og þóknun til stjórnar og nefnda.
- Kosning endurskoðanda.
- Önnur mál löglega fram borin.

Á aðalfundinum verður kosin ný stjórn. Í 6 gr. laga SSV segir svo varðandi stjórnarkjör; „Stjórn SSV skal skipuð 12 mönnum. Sveitarfélag með 3.000 íbúa eða fleiri skal eiga tvo stjórnarmenn en sveitarfélag með færri en 3.000 íbúa skal eiga einn stjórnarmann. Að fengnum tilnefningum sveitarfélaganna skal aðalfundur kjósa stjórn til tveggja ára í senn. Kjósa skal sérstakan varamann fyrir hvern aðalmann í stjórn. Formaður er kosinn sérstaklega á aðalfundi. Komi upp sú staða að stjórnarmaður eða varamaður í stjórn missi umboð sitt eða láti af stjórnarsetu á kjörtímabilinu af öðrum ástæðum skal kjósa nýjan fulltrúa í hans stað. Kosning nýrra fulltrúa getur farið fram á aðalfundi eða á haustþingi að fenginni tilnefningu viðkomandi sveitarfélags. Stjórnin kýs varaformann og ritara úr sínum hópi og skiptir að öðru leyti með sér verkum. Falli atkvæði jafnt á stjórnarfundum ræður atkvæði formanns útslitum. Sá sem kjörinn hefur verið aðalmaður í stjórn þrjú kjörtímabil í röð, þ.e. sex ár, er ekki kjörgengur til stjórnar næstu tvö ár. Formaður sem hefur verið kjörinn tvö kjörtímabil í röð, þ.e. fjögur ár, er ekki kjörgengur til formennsku næstu tvö árin..“

Við óskum því eftir að sveitarfélögin sendi undirrituðum tilnefningar sinna stjórnarmanna eigi síðar en 27 mars n.k.

Seturétt á aðalfundi SSV eiga fulltrúar sveitarfélaganna á Vesturlandi sem kosnir eru fulltrúar á aðalfund SSV. Nánar er kveðið á um kjör fulltrúa á aðalfund í 5. gr. laga SSV. Ársreikningur SSV ásamt ársskýrslu fyrir árið 2019 verða send sveitarfélögunum fyrir aðalfundinn að loknum stjórnarfundum þann 18 mars n.k. Vakin er athygli á því að á Haustþingi SSV í september 2019 var samþykkt fjárhags- og starfsáætlun fyrir árið 2020.

Virðingarfyllt



Páll S. Brynjarsson  
Framkvæmdastjóri SSV